


LAND



pósturinn

FRÉTTABRÉF FÉLAGS LANDFRÆÐINGA

---

20.árg. 3. tbl, september 2008

Ábm.: Edward H. Huijbens, Félag landfræðinga, Pósthólf 5391, 125 Reykjavík  
www.landfraedi.is

---

## **Haustfundur, 9. október kl. 20.00**

Árlegur Haustfundur Félags landfræðinga verður haldið í Hótel Borg, Silfur, kl. 20.00 – 22.00, fimmtudaginn 9. október. Kaffi og með því á fundinum verður í boði félagsins. Í ár verður fjallað um landslag og mun prófessor Kenneth Olwig við sænska Landbúnaðarháskólann kynna sínar rannsóknir.

Kenneth Olwig var skipaður prófessor í landslagsskipulagi við landslagsarkitektadeild sænska Landbúnaðarháskólans (SLU) í janúar 2002. Sérsvið hans eru kenningar um landslag og sögu þess. Áður starfaði hann við landfræðideild háskólans í Þrándheimi í Noregi.

Olwig útskrifaðist með doktorspróf frá háskólanum í Minnesota 1977 en þar skrifaði hann undir handleiðslu Yi-Fu Tuan, en einnig í samvinnu við David Lowenthal. Verk hans snúast um bókmenntalegan og fagurfræðilegan skilning á landslagi og mun hann á haustfundinum fjalla um sín skrif og hvernig hann hefur sérstaklega leitt hugann að orðsifjum lands og landslags í norrænum og germönskum málum (sjá nánar að neðan).

Meira má finna um Kenneth Olwig og störf hans á síðunni:

[www.ltj.slu.se/lar/olwig\\_kenneth\\_eng.html](http://www.ltj.slu.se/lar/olwig_kenneth_eng.html)



Haustfundur FL, kl: 20.00, fimmtudaginn 9. október  
Hótel Borg, Silfur

*Takið kvöldið frá!*

## Um erindi Kenneth Olwig

### Icelandscape

#### Íslendingar til forna og evrópski landslagssáttmálinn

Í Danmörku er talað um viðburði í Íslandi, frekar en *á*. Viðburðir eiga sér náttúrulega stað *á* eyjum almennt, en *í* Íslandi, þar sem Ísland er fyrst og fremst *land* og viðburðir eiga sér stað *í* löndum. Gengið verður út frá því í erindinu að orðhlutinn *land* í nafninu Ísland hafi aðra merkingu en *land*, þegar vísað er til landa eða eyja (e. *island*). *Land* í samhenginu Ísland notar land með vísan til staðar þar sem stjórnarfar *á* sér stað og þar gerast hlutir í hringiðu stjórn mála, *á* meðan *land* í samhenginu land eða eyja vísar til yfirborðs jarðar og þar verða viðburðir *á* yfirborði, rétt eins og *á* sviði. Eðlilega er grundvallarmunur *á* Íslandi sem sviði stjórnarfars og sem eldfjallaeyju í Norður-Atlantshafi. *Á* fornri norrænni tungu, og germönskum málum almennt, þá hefur *land* í landslagi sömu merkingu og *land* í Íslandi, m.ö.o. sem staður stjórnarfars. Eftir Endurreisnartímabilið, og með uppgangi miðstýrðra ríkja, breytist merking hugtaksins landslags, þannig að merking orðhlutans *land* í landslag varð meira í ætt við þann skilning þegar vísað er til lands eða eyjarinnar Íslands. Þessi þróun varð samhliða yfirtöku fyrrum sjálfstæðra ríkja, svo sem Skotlands, af stærri miðstýrðum ríkjum, þá Bretlandi. Þau voru þannig ekki skilin sem land stjórnarfars *á* stað, heldur sem landsvæði, afmarkaður hluti af yfirborði jarðar, með landslagi sem hægt var að taka yfir eða leggja undir sig.


Með evrópska landslagssáttmálanum er merking *lands* í landslag hinsvegar að færast nær upprunalegri merkingu í fornum norrænum málum. Þetta gæti skipt sköpum í viðhorfi fólks til landslags og við skipulagningu þess. Jafnvel þó að Íslendingar hafi ekki skrifað undir sáttmálann þá er vel þess virði að rýna hann ítarlega, þar sem hugmyndir sem þar koma fram eiga við í íslensku samhengi bæði *á* og *í* landinu.

## Landabréfið 2009

Ritstjórn Landabréfsins kallar eftir greinum og ritgerðum í tímaritið sem áætlað er að komi út haustið 2009. Æskilegt er að greinar berist fyrir 1. júlí 2009. Þær fara þá í yfirllestur og ritrýningu. Ábendingar og tillögur um efnistöð og hugmyndir eru einnig vel þegnar.

Ritstjórn vill einnig benda á möguleikann á að senda inn bóka gagnrýni eða aðra rýni sem á erindi til landfræðinga.

Ritstjóri Landabréfsins er Karl Benediktsson: [kben@hi.is](mailto:kben@hi.is)



## Endanlegur vefur komin í gagníð

[www.landfræði.is](http://www.landfræði.is)

Heimasíða félagsins hefur verið nokkuð á hrakhólum eftir að hún var endurhönnuð. Nú hefur verið leyst úr því máli og nú hýsir Háskóla Íslands vefinn á [www.landfræði.is](http://www.landfræði.is).

Titill vefsíðunnar var samþykktur á aðalfundi og var Stefaníu Guðrúnu Halldórsdóttur, stjórnarmeðlim, falið að leiða málið til lykta í samvinnu við Karl Benediktsson. Gengið var frá eign á lénunum [www.landfrædi.is](http://www.landfrædi.is) og [www.landfræði.is](http://www.landfræði.is) í apríl og síðan hafði Karl milligöngu með hýsingu vefsins hjá HÍ. Elín Vignisdóttir vann við það í sumar að setja vefinn upp. Með þessari breytingu hefur stjórn félagsins fulla ritstjórn á vefnum.

Allt efni af gamla vefnum hefur nú verið flutt yfir á þann nýja, auk þess sem nokkrar viðbætur hafa orðið. Nú má finna flokkinn „Á döfinni“ og er ætlunin að birta þar allar upplýsingar um viðburði á vegum félagsins, auk tilkynninga sem berast á póstlista félagsins.

Undir liðnum „faglegt efni“ má nú finna alla Landpósta sem hafa verið gefnir út frá upphafi, auk þess sem eru efnisyfirlit úr Landabréfum síðustu ára eru birt. Þá er ætlunin að birta þar ýmislegt fleira, t.d. kynningar frá ráðstefnum eða áhugaverðar greinar frá félagsmönnum.

## Nemendakvöld Félags Landfræðinga á Hressó

Árlega stendur félagið fyrir kynningu á starfi þess fyrir nemendur í landfræði við Háskóla Íslands. Þetta árið var enginn undantekning en í þetta skiptið var ákveðið að í stað þess að einblína á nýnema við HÍ, yrði félagið einnig kynnt þeim sem lengra eru komnir í náminu.

Eftir kynningu við HÍ var haldið nemendakvöld Félags Landfræðinga á Hressó fimmtudaginn 18. september. Hafði félagið opin bar frá 20.00 til 21.00 og var stjórnin nokkuð ánægð með mætingu, en nokkrir nemar og útskrifaðir landfræðingar létu sjá sig. Mikið var spjallað um landfræðinámið og þær breytingar sem það hefur gengið í gegnum vegna uppstokkunar í Háskóla Íslands. En einnig þau störf sem landfræðingar sinna eftir útskrift sem og allt milli himins og jarðar eins og landfræðinga er síður. Þessi óformlegi vettvangur sem félagið hefur staðið fyrir er tilvalinn fyrir landfræðinga til þess að rækta tengslanet sín á milli. Vonandi mæta fleiri næst, bæði nemendur og útskrifaðir.

### Hinn lauflekti í boði Douglas Caldwell

Q. What do you call a map guide to Alcatraz?

A. A con-tour map.

Q. Why didn't the map have any meridians?

A. It was a map of a parallel universe.

Q. What is the tidiest element on a map?

A. The neatline.

Q. Why did the cartographer put a band-aid on the map?

A. Because it had a bleeding edge.

Q. What do John Wayne and a map key have in common?

A. Both are legends.

Q. Why was longitude boiling mad?

A. Because it was 360 degrees.

Q. Why was the map gesturing wildly?

A. It was an animated map.

Q. Why are maps like fish?

A. Both have scales.

Q. Where do lines of equal pressure go to relax?

A. In ISO - bars (In Search Of isobars)

Q. Why do senior military officials like small scale maps?

A. Because they have been GENERAL-ized.